

IV.

Í framangreindu afsali áskilur varnaraðili sér ábúðarrétt á jörðinni Oddhóli ævilangt „og að hafa á henni þann bústofn, sem ég þarf á hverjum tíma fyrir mig og fjölskyldu mína“. Ákvæði þetta í afsalinu er eigi þess efnis, að það girði fyrir þinglýsingu samkvæmt 21. gr. laga nr. 39/1978. Rétt þykir að taka fram, að varnaraðilja er fært að fara þá leið, sem í 28. gr. sömu laga greinir í sambandi við dómsmál það, sem hann hefur höfðað og greint er hér að framan.

Samkvæmt framanrituðu á sóknaraðili kröfu á, að afsal það, sem mál þetta varðar, verði fært í þinglýsingabók Rangárvallasýslu.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðili, Sigurbjörn Eiríksson, á kröfu á, að framangreint afsal verði fært í þinglýsingabók Rangárvallasýslu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. júlí 1981.

Nr. 138/1981. Ákærvaldið

gegn

Edvard Lövdahl

og

Sigurði Erni Ingólfssyni.

Kærumál. Úrskurður dómara um að víkja sæti felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Má þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 1. tölulið 171.

gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. júní sl., sem barst Hæstarétti samdægurs. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Héraðsdómariinn hefur samkvæmt heimild í 2. málsg. 174. gr. laga nr. 74/1974 sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með hinum kærða úrskurði, er gekk 26. júní sl., ákvað héraðsdómariinn að víkja sæti í ofangreindu máli með vísan til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974 og 138. gr. sömu laga, en miða verður við, að yfirsakadómari hafi falið honum mál þetta til dómsmeðferðar, sbr. 9. gr. laga nr. 74/1972. Telur héraðsdómari sér ofviða að fjalla um málið vegna anna við úrlausn annarra sakamála, sem hann hefur nú með höndum og grein er gerð fyrir í úrskurðinum og sumpart í yfirliti, sem fylgir greinargerð dómarsins. Verður ráðið af gögnum máls, að dómsmál þessi eru mörg og sum hver viðamikil.

Í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, sem hér á við, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, getur dómari færst undan að sinna dómsmáli, „ef mál er sérstaklega umfangsmikið eða vandasamt að öðru leyti, svo að ætla má, að hinn reglulega dómara skorti tíma frá öðrum embættisstörfum eða sé af öðrum ástæðum ofvaxið að fara með það . . .“ Getur dómsmálaráðherra þá skipað sérstakan dómara til að gegna málinu. Þetta ákvæði hefur hvorki beint né óbeint verið numið úr lögum. Verður þó að telja með hliðsjón af ákvæði 9. gr. laga nr. 74/1972, að dómara, sem færist undan að fjalla um dómsmál, beri fyrst að leita til forstöðumanns dómstóls, í þessu tilviki yfirsakadómara, með ósk um að verða leystur undan meðferð dómsmálsins. Eigi er í lögum gert ráð fyrir þeim úrkosti, að dómari geti úrskurðað, að hann viki sæti í máli, með því að vinnuálag hans verði of mikið að öðrum kosti, heldur eru lögmælt önnur úrræði, svo sem greint var. Af þessum sökum verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júní 1981.

Ár 1981, föstudaginn 26. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi í máli ákærvaldsins gegn Edvard Lövdahl og Sigurði Erni Ingólfssyni.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 19. þ. m., á hendur Edvard Lövdahl, Hörpugötu 12 hér í borg, og Sigurði Erni Ingólfssyni, Mosfelli í Grímsnesi, fyrir fjársvik og skjalfals, og fékk dómariinn það til meðferðar 24. s. m.

Í bréfi ríkissaksóknara, dags. 19. þ. m., er fylgdi málsskjölum, segir m. a. á þessa leið:

„Samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. mars, svo og ákvörðun dómara að því er ákærða Edvard varðar var kveðið svo á, að ákærðu væri óheimil brottför af landinu allt til 1. júlí n.k. Þess er því vænst, að mál þetta verði þingfest fyrir þann tíma, svo eigi þurfi að koma til framlengingar á farbanni því, er ákærðu sæta, enda veiti ákærðu við þingfestingu málsins skipuðum verjendum sínum umboð til þess að taka við birtingu dóms, segja til um áfrýjun og taka við birtingu áfrýjunarstefnu, ef dómi verður áfrýjað.“

Málsskjöl gefa til kynna, að hér sé um viðamikið mál að ræða, og er ákæran í því 18 blaðsíður. Af hálfu ríkissaksóknara er þess óskað, að fyrirtekt þess verði hraðað, svo sem áður greinir. Dómariinn hefur engin tók haft á að kynna sér málsskjöl, og er ekki svigrúm til þess fram að 1. júlí nk. vegna mála, sem bíða úrlausnar, en farbanni af ákærðu verður trautt aflétt, nema dómsyfirheyrslum sé lokið.

Dómariinn hefur nú til meðferðar auk ýmissa annarra mála eftirtalin mál, sem höfðuð hafa verið sem hér segir:

Mál höfðað með ákæru, dags. 7. nóvember 1979, á hendur Stefáni Stephensen Tyrfingssyni, Maríu Erlu Friðsteinsdóttur og Þorfinni Kristjánssyni fyrir fjársvik í bifreiðaviðskiptum á árinu 1978, alls 14 ákæruliðir. Rannsókn málsins í dómi er ekki lokið vegna fjarveru vitna, sem eru alls nálægt 40 að tölu.

Mál höfðað með ákæru, dags. 11. desember 1980, á hendur Hirti Gunnari Sigurðssyni fyrir fjárdrátt hjá Rafmagnsveitum ríkisins á tímabilinu frá 6. febrúar 1976 til 27. mars 1979, alls 20 ákæruliðir.

Mál höfðað með ákæru, dags. 11. febrúar 1981, á hendur Þorfinni Egilssyni fyrir skattsvik árin 1973—1976.

Mál höfðað með ákæru, dags. 28. apríl 1981, á hendur Ingvari Nikulási Pálssyni fyrir fjádrátt úr sjóðum lífeyrissjóðs verslunarmanna á tímabilinu frá janúar 1974 til júlí 1977, alls rúmar 12 milljónir gkr.

Dómsmeðferð þriggja síðasttaldra mála er skammt á veg komin, og brot þau, sem ákært er fyrir, eru komin til ára sinna.

Telur því dómarrinn, að eigi hann að fara með mál þetta, sem beiðni er gerð um skjóta fyrirtækt á, hljóti að verða bæði á því og framangreindum málum svo og öðrum málum, sem hann hefur til meðferðar, slíkur dráttur, að eigi verði réttlættur. Því álitur dómarrinn rétt með tilvísun til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974 svo og 138. gr. sömu laga, að hann víki sæti í máli þessu ex officio.

Úrskurðarorð:

Dómarrinn víkur sæti í máli þessu ex officio.

Miðvikudaginn 8. júlí 1981.

Nr. 147/1981. Ákærvaldið

gegn

Herði Júlíussyni.

Kærumál. Úrskurður um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarrarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1981, sem barst Hæstarétti sama dag. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.